



Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2025
SFS25040010
HSG

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 18.12.2025 varðandi eftirfarandi mál:

SFS - Verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Ásgarðsskóla, ákvörðun um viðmið um hámarksfjölda og samningur - til afgreiðslu

Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 15. desember 2025, varðandi verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Ásgarðsskóla, ásamt fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Frans Páll Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.



Reykjavík



Reykjavík, 15. desember 2025

SFS25040010

Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Efni: Varðandi verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Ásgarðsskóla, ákvörðun um viðmið um hámarksfjölda og samningur.

Ásgarðsskóli – skóli í skýjunum er sjálfstætt rekinn sérskóli fyrir nemendur á unglingastigi og fer skólastarfið alfarið fram á netinu.

Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Með vísan til minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. desember 2025, er því komið á framfæri að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Reykhólahrepps vegna Ásgarðsskóla – skólans í skýjunum verði þrettán nemendur að hámarki. Með því móti verður núverandi nemendum með lögheimili í Reykjavík tryggð áframhaldandi skólavist í Ásgarðsskóla að því gefnu að þeir uppfylli skilyrði sem sett eru. Með þessu móti verður ekki opnað fyrir umsóknar annarra nemenda nema ef einhver af þeim nemendum sem fyrir eru í skólanum fari í annan skóla eða lögheimili þeirra færist í annað sveitarfélag. Þó gæti bæst tímabundið við fjöldann ef til þess kemur að nemandi í Ásgarðsskóla með lögheimil í öðru sveitarfélagi flytji til Reykjavíkur. Sviðsstjóra verði heimilt að gera á tveggja ára fresti eða árlega eftir atvikum samning við Reykhólahrepp vegna Ásgarðsskóla um framlag vegna þrettán nemenda að hámarki að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði verklags um meðferð umsókna skóla- og frístundasviðs vegna umsókna í skólann og að kostnaður rúmist innan fjárheimilda sviðsins. Einnig er lagt til að samþykkt verði meðfylgjandi verklag um meðferð umsókna í Ásgarðsskóla- skólans í skýjunum.

Með ofangreindri samþykkt um viðmið er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan sveitarfélags

Þá er gerður fyrirvari um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs séu gerðar með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Fskj. 1; Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 8. desember 2025



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Fskj. 2; Umsögn FAS, dags. 5. desember 2025

Fskj. 3; Drög af þjónustusamning

Fskj. 4; Verklag vegna umsókna í Ásgarðasskóla

Fskj. 5; Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Ásgarðasskóla

Minnisblað

Viðtakandi Borgarráð
Sendandi Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Ásgarðsskóla, ákvörðun um viðmið um hámarksfjölda og samningur.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs vill koma því á framfæri að samþykkt verði meðfylgjandi verklag um meðferð umsókna í Ásgarðsskóla – skóla í skýjunum. Jafnframt verði samþykkt að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Reykhólahrepps vegna Ásgarðsskóla – skólans í skýjunum verði þrettán nemendur að hámarki. Með því móti verður núverandi nemendum með lögheimili í Reykjavík tryggð áframhaldandi skólavist í Ásgarðsskóla að því gefnu að þeir uppfylli skilyrði sem sett eru. Með þessu móti verður ekki opnað fyrir umsóknar annarra nemenda nema ef einhver af þeim nemendum sem fyrir eru í skólanum fari í annan skóla eða lögheimili þeirra færist í annað sveitarfélag. Þó gæti bæst tímabundið við fjöldann ef til þess kemur að nemandi í Ásgarðsskóla með lögheimil í öðru sveitarfélagi flytji til Reykjavíkur.

Sviðsstjóra verði heimilt að gera á tveggja ára fresti eða árlega eftir atvikum samning við Reykhólahrepp vegna Ásgarðsskóla um framlag vegna þrettán nemenda að hámarki að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði verklags um meðferð umsókna skóla- og frístundasviðs vegna umsókna í skólann og að kostnaður rúmist innan fjárheimilda sviðsins.

Með samþykkt þessara viðmiða um hámarksfjölda og verklag er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan sveitarfélagsins. Þá er gerður fyrirvari um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári.

Greinargerð:

Um Ásgarðsskóla - skóli í skýjunum

Ásgarðsskóli – skóli í skýjunum er sjálfstætt rekinn sérskóli fyrir nemendur á unglingastigi og fer skólastarfið alfarið fram á netinu. Skóla- og frístundasvið hefur frá stofnun skólans árið 2021 samþykkt umsóknir um skólavist utan sveitarfélagsins í Ásgarðsskóla. Skólinn var með þróunarskólaleyfi til þriggja ára frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu en því tímabili er nú lokið.

Fram kemur í staðfestingu Mennta- og barnamálaráðuneytis, [sjá auglýsingu nr. 830/2025](#), að með vísan til 3. mgr. 20. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010, hafi mennta- og barnamálaráðherra þann 8. júlí 2025 staðfest reglur um innritun og útskrift nemenda úr Ásgarðsskóla – skóla í skýjunum sem er tímabundið sérúrræði innan grunnskóla, sbr. 42. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Reglurnar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Reykhólahrepps hinn 11. desember 2024.

Skólinn hefur gert þjónustusamning við Reykhólahrepp dags. 11. desember 2024.

Skólaúrræði

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 eiga nemendur rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla geta foreldrar telji þeir, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla, sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Samþykkt var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. mars 2025, í borgarráði þann 3. apríl sl. og jafnframt í borgarstjórn þann 8. apríl 2025 að hefja tilraunaverkefni um fjarkennslu í grunnskóla Reykjavíkurborgar vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík. Tilraunaverkefnið er nú þegar komið til framkvæmda í Háteigsskóla.

Helstu forsendur ákvörðunar

Samkvæmt 1. málslíð 3. mgr. 5. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögnum.

Þá er í 4. mgr. 17. gr. sömu laga kveðið á um að telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Í 1. mgr. 43. gr. a í lögum nr. 91/2008, er kveðið á um að sveitarfélag sem skóli starfar í skuli gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur eftirfarandi fram að í þeim tilvikum þegar barn sækir sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags skulu lögheimilissveitarfélag og viðtökusveitarfélag gera með sér samning á grundvelli 5. gr. grunnskólalaga áður en barn er innritað í viðkomandi skóla. Viðtökusveitarfélag hefur þá sömu skyldur gagnvart skólavist barnsins og ætti það lögheimili þar. Um framlag úr sveitarsjóði í slíkum tilvikum fer með sama hætti og vegna annarra barna sem sækja skóla sem reknir eru af sveitarfélögum utan lögheimilissveitarfélags.

Í reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum kemur fram í 22. gr. að leik- og grunnskólar eigi rétt á skólaþjónustu sveitarfélags óháð rekstrarformi skóla. Um skólaþjónustu í sjálfstætt reknum grunnskólum fer að öðru leyti samkvæmt samningi sem gerður er milli sveitarfélags og viðkomandi skóla sem hlotið hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 43. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Ekki er gert ráð fyrir að þjónustusamningur sem staðfestur er af Menntamálastofnun sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi grunnskóla og á sveitarfélagið ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins með sama hætti og ef sjálfstætt rekinn grunnskóli er staðsettur í sama sveitarfélagi og viðkomandi nemandi á lögheimili í. Á hinn bóginn hafa sveitarfélög almenna heimild í 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 til að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustustarfsemi sem þeim er lögum skylt eða heimilt að sinna.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla eiga grunnskólar sem eru reknir af einkaaðila á grundvelli laga um grunnskóla og þjónustusamnings við sveitarfélag, sem hlotið hefur staðfestingu Menntamálastofnunar, rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar og vegna barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Sama gildir um grunnskóla sem þegar eru starfandi á grundvelli viðurkenningar ráðherra, en sveitarfélagi er þó heimilt í þjónustusamningi að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda. Þá getur Reykjavíkurborg takmarkað hámarksfjölda nemenda við skólann sem sveitarfélaginu ber að greiða kostnað af, sbr. 7. tl. 43. gr. a laga um grunnskóla, með hliðstæðum hætti og sveitarfélag sem sjálfstætt rekinn grunnskólar starfar í.

Með vísan til framangreinds er réttur sjálfstætt rekinna grunnskóla, sem hlotið hefur viðurkenningu ráðuneytisins, til framlags sveitarfélags með nemendum, bundinn við það sveitarfélag sem skólinn starfar í. Sveitarfélag þarf jafnframt aðeins að greiða framlag með þeim nemendum sem eiga þar lögheimili. Af þessu leiðir að Reykjavíkurborg er almennt ekki skylt að greiða framlag vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem sækja sjálfstætt rekna grunnskóla utan Reykjavíkur.

Þá verður að gera ráð fyrir að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun næstkomandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum. Jafnframt er vísað til 65. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður á ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins.

Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Framlagið nemur 80% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Þá er greitt álag sem nemur 36% ofan á hagstofuviðmið til að mæta allri annarri skólalögnustu við nemendur. Heildargreiðsla á mánuði er kr. 386.119 í ágúst 2025 og skiptist hún í kr. 283.911 grunngjald og kr. 102.208 álagsgreiðslu. Framlagið tekur breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

Ekki er gert ráð fyrir ofangreindum kostnaði í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2026.



Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Efni: Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Reykhólahrepp og Í skýjunum ehf.

Reykjavík, 5. desember 2025

SFS25040010

UMSÖGN

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs vegna nýs þjónustusamnings Reykjavíkurborgar við Reykhólahrepp og Í skýjunum ehf. um að uppfylla skólaskyldu og greiðslu rekstrarframlags vegna nemenda í Ásgarðsskóla sem eiga lögheimili í Reykjavík, og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

Skólinn og/eða Reykhólahreppur veitir nemendum með sérþarfir stuðning í grunnskóla og skóla- og frístundaþjónustu til nemanda. Meðal annars er boðið upp á sálfræðiþjónustu, viðtöl við skólahjúkrunarfræðing, talþjálfun og greiningar vegna lestrarörðugleika, sem tilheyra 2. stigs þjónustu skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg greitt fyrir skólaþjónustu nemanda með lögheimili í Reykjavík skv. viðmiðunargjaldi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Undanfarna vetur hafa reykvískir nemendur í skólanum verið um 20 talsins. Skólaárið 2025-26 eru 13 reykvískir nemendur við nám í skólanum.

Í dag er greitt fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga 465 þús. kr. á mánuði fyrir hvern nemanda í 9 ½ mánuð, sem nemur 4.422 þús.kr. fyrir skólaárið. Fyrir 13 nemendur er því greiddar 57.483 þús.kr.

Í drögum að nýjum samningi nemur framlag Reykjavíkurborgar 80% af hagstofuviðmiði á meðalrekstrarkostnað hvers grunnskólanemanda. Til viðbótar fær skólinn álag sem nemur 36% ofan á hagstofuviðmiði til að mæta allri annarri skólaþjónustu við nemendur, þ.e. sálfræðiþjónustu, viðtöl við skólahjúkrunarfræðing, talþjálfun og greiningar vegna lestrarörðugleika, sbr. framangreint. Framlagið tekur breytingum eftir mánaðarlegum útreikningum Hagstofunnar. Gera má ráð fyrir meðalgreiðsla fyrir nemanda verði um 3.688 þús.kr. fyrir skólaárið 2025-26 en það er um 17% lækkun á núverandi greiðslum.

Í verklagsreglum skóla- og frístundasviðs er gert er ráð fyrir að í mesta lagi 13 nemendur frá Reykjavík munu nýta þennan samning. Með nýjum samningi fer áætlaður heildarkostnaður fyrir eitt skólaár og 13 nemendur úr 57 m.kr. í 48 m.kr., sem er lækkun um 9 m.kr.



Reykjavík



Ekki er sérstaklega gert ráð fyrir kostnaði vegna samningsins í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2026 og þarf sviðið því að draga úr öðrum kostnaði til að fjármagna samninginn.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við samninginn enda skilar hann umtalsverðri kostnaðarlækkun á þjónustunni.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík



ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir SFS, annars vegar og Reykhólahreppur, kt. 530269-4699, og Í skýjunum ehf., kt. 610420-0440, hinsvegar Hafnarstræti 49, 600 Akureyri, vegna Ásgarðsskóla, hér eftir skólinn, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um að uppfylla skólaskyldu og greiðslu rekstrarframlags, hér nefnt framlag, vegna nemenda í Ásgarðsskóla sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík:

1. gr. Þjónustan

- 1.1 Skólinn, sem er sjálfstætt rekinn sérskóli með þjónustusamning við Reykhólahrepp, tekur að sér á grundvelli þessa þjónustusamnings að uppfylla skólaskyldur SFS gagnvart nemendum með lögheimili í Reykjavík sem samþykkt hefur verið af hálfu SFS að sækja skólann í stað grunnskóla í Reykjavík.
- 1.2 Skólinn annast sérkennslu og sérfræðiþjónustu sem grunnskólum bera að veita án þess að frekari greiðslur komi til frá SFS eða foreldrum. Skólinn annast sérfræðiþjónustu á 1. stigi samkvæmt 10. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021.
- 1.3 Skólinn og/eða Reykhólahreppur veitir stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla til samræmis við reglugerð 585/2010 og skólaþjónustu á grundvelli reglugerðar nr. 444/2019 um skólaþjónustu meðal annars sálfræðiþjónustu, viðtöl við skólahjúkrunarfræðing, talþjálfun og greiningar vegna lestrarörðugleika sem tilheyra 2. stigs þjónustu skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

2. gr. Skilyrði

- 2.1 Það er skilyrði greiðslu framlags SFS að um sé að ræða nemendur með lögheimili í Reykjavík eða um sé að ræða fósturbörn fósturforeldra sem eiga lögheimili í Reykjavík.
- 2.2 Samþykki SFS vegna tiltekinna nemenda er tímabundið að hámarki til skólaársins.
- 2.3 Skólinn sinnir að öllu leyti skólaskyldu og frístundaþjónustu nemenda til samræmis við skyldur samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða öðrum lögum og reglum. Í þessu felst meðal annars eftirfarandi:
 - a) Komið verður til móts við námslegar, tilfinningalegar, félagslegar og líkamlegar þarfir nemenda samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
 - b) Skólinn tryggir að starfsfólk hafi viðeigandi hæfni og þekkingu til að sinna menntun og velferð nemenda til samræmis við ákvæði laga.
 - c) Skólinn aflar og kannar sakarvottorð starfsmanna og tryggir að þeir standist þær kröfur sem leiða af 11. gr. grunnskólalaga.
 - d) Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum og lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019, með síðari breytingum, reglugerð nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla og önnur lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi grunnskóla.



- e) Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla auk annarra laga eftir því sem við á.
 - f) Starfsfólk skólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.
 - g) Skólinn fylgir ákvæðum laga nr. 91/2008, um grunnskóla og eftir því sem við á ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvarðana, sem eru kæranlegar skv. 47 gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla auk þess sem lög um upplýsingarétt nr. 140/2012 geta átt við um starfsemina.
 - h) Skólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi skólans. Skólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- 2.4** Ef SFS telur tilefni til sendir skólinn einstaklingsnámskrár til SFS vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík þó í fyrsta lagi 6 vikum eftir að barnið byrjar í skólanum eða ný önn hefst að hausti. Í einstaklingsnámskrá skal koma fram markmið og inntak náms, áherslur í námsgreinum, þroskapáttum og athöfnum dagslegs lífs.
- 2.5** Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki eftir því sem við á. Þess skal getið á heimasíðu að skólinn hafi gert þjónustusamning við Reykjavíkurborg sem falli undir reglur Reykjavíkurborgar um styrki frá 25. maí 2017, sjá fskj. 2. Skólanum ber að skila skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.
- 2.6** Það er skilyrði greiðslu framlags SFS að uppfyllt séu skilyrði verklags um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í sérskólanum.
- 2.7** Það er skilyrði framlags að Reykhólahreppur telji að uppfyllt séu skilyrði reglna um innritun og útskrift nemenda úr Ásgarðsskóla.
- 2.8** Skólinn skal hafa staðfestingu Menntamálastofnunar á þjónustusamningi við Reykhólahrepp og gildar reglur um innritun og útskrift.
- 2.9** Með samningi þessum er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan sveitarfélagsins.

3. gr.

Rekstrarframlag

- 3.1** Skóla- og frístundasvið greiðir framlag til Reykhólahrepps að hámarki vegna dvalar þrettán reykvískra nemenda í skólanum sem SFS hefur samþykkt að fái að stunda nám við skólann á grundvelli verklags um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í skólanum.
- 3.2** Framlagið nemur 80% af vagnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Þá fær skólinn álag sem nemur 36% ofan á hagstofuviðmið til að mæta allri annarri skólaþjónustu við nemendur. Heildargreiðsla á mánuði er kr. 386.119 í ágúst 2025 og skiptist hún í kr. 283.911 grunngjald og kr. 102.208 álagsgreiðslu. Framlagið tekur breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.



3.3 Framlag SFS til Reykhólahrepps, sem er framlag vegna reksturs skólans allt árið, verður greitt með 9 greiðslum síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir liðandi mánuð. Ekki er greitt í júní, júlí og ágúst.

3.4 Innifalið í rekstrarframlagi er kostnaður sem hlýst af því að skólinn skuldbindur sig til að sinna að öllu leyti skólaskyldu sem getur falið í sér sérkennslu og sérfræðipjónustu frístundapjónustu og velferð tilgreindra nemenda með samþættingu til samræmis við 2. mgr. 5. gr. laga um grunnskóla.

3.5 Skólanum ber að koma staðfestingu til SFS mánaðarlega um að þeir nemendur með lögheimili í Reykjavík sem samningur þessi varðar, stundi enn nám við skólann. Staðfestingin skal hafa borist SFS fyrir 5. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð fyrir þann mánuð.

3.6 Skólanum ber að upplýsa SFS um það ef nemandi með lögheimili í Reykjavík hættir námi við skólann eða ef ekki er uppfyllt skilyrði um lögheimili nemanda í Reykjavík eða fósturbarn fósturforeldra með lögheimili í Reykjavík. Falla greiðslur SFS vegna þess nemanda niður frá þeim degi að telja.

3.7 Skólanum ber að skila til SFS starfsáætlun, þ.m.t. upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, eigi síðar en 1. janúar 2025. Skólanum ber jafnframt að veita SFS upplýsingar um fjölda nemenda, sem stunda nám við skólann, hvenær sem þess er óskað. Skólinn getur tekur sér allt að fimm vinnudaga til að veita þessar upplýsingar.

3.8 Óheimilt er að taka rekstrarafgang eða fjármuni, sem rekja má til fjárveitinga Reykjavíkurborgar, í formi arðgreiðslu eða öðrum fjárhagslegum ávinningi fyrir eigendur sem ekki tengist rekstri og skólastarfi. Nýta skal fjármunina til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

4. gr.

Upplýsingar, mat og eftirlit

4.1 Skólinn skal lúta sama eftirliti með innra starfi og aðrir grunnskólar. Þeir skulu framkvæma innra mat með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

4.2 Skólanum ber að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

4.3 Skólanámskrá verður lögð fram árlega, fyrst innan 30 daga frá undirritun samningsins.

5. gr.

Endurskoðun samnings

5.1 Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi skólans eða SFS er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

6. gr.

Framsal og fjárhagsleg ábyrgð

6.1 Reykhólahreppur og skólinn bera fjárhagslega ábyrgð á allri framkvæmd samningsins og rekstri grunnskólans. Réttarsamband Reykhólahrepps og skólans og viðskiptavina þeirra er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi þar sem samningi þessum sleppir.



6.2 Grunnskólanum er óheimilt að framselja samninginn eða réttindi samkvæmt honum til þriðja aðila.

7.3 Jafnframt er óheimilt að veðsetja samninginn eða tengja hann á nokkurn hátt öðrum álíka löggæringi.

8. gr.

Force Majeure

8.1 Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

9. gr.

Gildistími og uppsögn

9.1 Samningurinn gildir frá upphafi skólaársins 2025 – 2026 þann 21. ágúst 2025 til og með skólaslita þann 8. júní 2027 og fellur þá úr gildi án þess að þörf sé á uppsögn.

9.2 Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á komandi ári.

9.3 Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila hvenær sem er á samningstímabilinu með þriggja mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.

10. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

10.1 Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt rekstrarframlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka rekstrarframlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

10.2 Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar. Áður en til riftunar kemur skal send áskorun um efndir innan 30 daga frá því að aðilanum berst sannanlega tilkynning um riftun.

10.3 Reykhólahreppi og skólanum bera að tilkynna sveitarfélaginu skriflega án tafar ef hann telur vafa leika á að hann geti uppfyllt samninginn.

11. gr.

Afturköllun viðurkenningar

11.1 Afturkalli mennta- og barnamálaráðuneytið staðfestingu þjónustusamnings skólans eða samningur við Reykhólahrepp fellur úr gildi, fellur samningur þessi úr gildi án uppsagnar.

12. gr.

Varnarþing

12.1 Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.



13.

Tengiliður

13.1 Tengiliður fyrir hönd skólans er [nafn og starfsheiti tengiliðs]. Tengiliður fyrir hönd Reykhólahrepps er [nafn og starfsheiti tengiliðs]. Tengiliður fyrir hönd SFS er [Nafn og starfsheiti tengiliðs]. Tengiliðir skulu leggja áherslu á að koma erindum og úrlausnarefnum fljótt og vel í réttan farveg og hraða afgreiðslu þeirra, jafnframt að skrá og geyma minnisatriði um samskiptin og hvernig hverju úrlausnarefni er lokið.

14. gr.

Undirritun

14.1 Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Fylgiskjöl:

- Fskj. 1; Yfirlit yfir reykvíska nemendur Ásgarðsskóla, merkt trúnaðarmál
- Fskj. 2; Verklag Reykjavíkurborgar vegna umsókna í Ásgarðsskóla
- Fskj. 2; Reglur Reykjavíkurborgar um styrki
- Fskj. 3; Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Ásgarðsskóla.

Verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólanum Ásgarðsskóla

Samþykkt var þann [dagsetning samþykktar] í borgarráði þann [dagsetning samþykktar] að hámarksfjöldi nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag vegna til Ásgarðsskóla verði þrettán nemendur. Forgang eiga nemendur með lögheimili í Reykjavík sem nú þegar eru í Ásgarðsskóla að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði þessa verklags.

1. Um Ásgarðsskóla

Ásgarðsskóli - skóli í skýjunum, er sjálfstætt rekinn skóli sem er tímabundið sérúrræði innan grunnskóla fyrir nemendur á unglingastigi. Skólastarf fer fram á netinu. Ásgarðsskóli er með þjónustusamning við Reykhólahrepp.

[Reglur Ásgarðsskóla um innritun og útskrift nemenda hafa verið staðfestar af mennta- og barnamálaráðuneytinu, sjá auglýsingu nr. 830/2025.](#)

Hámarksfjöldi nemenda með lögheimili í Reykjavík

Hámarksfjöldi nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag vegna til Ásgarðsskóla er 13 reykvískir nemendur að uppfylltum skilyrðum þessa verklags.

2. Umsókn og skilyrði

Forgang eiga nemendur með lögheimili í Reykjavík sem nú þegar eru í Ásgarðsskóla að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði þessa verklags.

Eftirfarandi skilyrði eru sett vegna umsókna í Ásgarðsskóla:

2.1 Foreldrar, það er þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga nr. 76/2003 geta sótt um skólavist í Ásgarðsskóla fyrir barn sitt með lögheimili í Reykjavík, telji þeir, skólastjórnendur og aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í grunnskóla í Reykjavík.

2.2 Það er skilyrði greiðslu framlags Reykjavíkurborgar til Reykhólahrepps sem miðlar framlaginu til Ásgarðsskóla að um sé að ræða nemendur á unglingastigi með lögheimili í Reykjavík sem þurfa tímabundið á sérhæfðu námsumhverfi að halda vegna skólaforðunar sem getur meðal annars verið rakin til:

- Slakrar félagsfærni, lítið sjálfstraust
- brotinnar sjálfsmyndar sem hefur orðið til þess að nemandi hefur mætti lítið eða ekkert í skólann
- skertrar félagsfærni og óframfæri
- hamlandi kvíða

Aðrir þættir sem geta haft áhrif eru langtímaveikindi og flóknar fjölskylduaðstæður.

2.4 Samkvæmt reglum Ásgarðsskóla um innritun og útskrift afgreiðir mennta- og menningarmálanefnd umsóknir um skólavist í Ásgarðsskóla. Er gerð krafa um að fyrir liggi staðfesting lögheimilissveitarfélags nemanda um að viðkomandi sveitarfélag sé tilbúið til þess að greiða fyrir skólavist hans utan þess.

Ásgarðsskóli er staðsettur utan Reykjavíkur og því ber að leggja fram árlega beiðni um skólavist í skólanum auk umsóknar um skólavist í grunnskóla í sveitarfélagi utan lögheimilisnemanda á *mínum síðum* Reykjavíkurborgar.

2.5 Ásgarðsskóli tekur við umsóknum um skólavist allan ársins hring og því er ekki settur umsóknarfrestur í þessu verklagi.

2.6 Ef umsókn berst þegar fyrir liggur að ekki er unnt að samþykkja hana þar sem hámarksfjöldi nemenda samkvæmt þessu verklagi er náð og/eða umsókn í Ásgarðsskóla er synjað af Reykhólahreppi er umsókn ekki skoðuð frekar að svo stöddu og henni synjað en foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn inni. Ef pláss losnar fer fram mat á umsókn og forgangsröðun ef umsóknir eru fleiri en laus pláss, sjá nánar í 4. gr. verklagsins.

Mat á umsóknum

3.1 Skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla metur umsóknir í samvinnu við sérfræðinga á sömu skrifstofu.

3.2 Fagskrifstofa grunnskóla aflar nauðsynlegra gagna með samþykki foreldra og tekur mið af:

- a) Hvort nemandi sé nú þegar í Ásgarðsskóla.
- b) Mat stuðningsteymis nemandans á þörfum hans um hvernig honum verði best mætt í almennu skólastarfi.
- c) Hvort mál nemanda hafi verið tekið fyrir í nemendaverndarráði grunnskóla og að það sé mat nemendaverndarráðs að um sé að ræða nauðsynlega ráðstöfun.
- d) Mat skólustjóra í grunnskóla nemandans á því hvort hann fái notið kennslu við sitt hæfi.
- f) Upplýsingum annarra sérfræðinga sem hafa komið að málum sem varða grunnskólagöngu nemandans.
- g) Óskir foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs og þroska.
- e) Önnur atriði sem geta komið til skoðunar geta helst verið: aðstæður nemandans, námsleg staða, virkni, félagslega staða og líðan í skólanum.
- f) Hvort uppfyllt séu skilyrði reglna Ásgarðsskóla um innritun og útskrift.
- g) Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um stuðning við nemendur sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

3.3 Starfshættir við meðferð umsókna

Við meðferð umsókna er gætt að vandaðri stjórnsýslu, þar með talið jafnræðissjónarmiðum við mat og afgreiðslu beiðna.

3.4 Séu umsóknir í Ásgarðsskóla fleiri en fjöldi þeirra nemenda sem heimild er fyrir í skólann, forgangsraðar fagskrifstofa grunnskóla beiðnum eftir þörf nemandans til

fjarnáms og tekur mið af hvernig núverandi skóli hyggst mæta sértækum stuðningsþörfum nemandans.

Þeim mun meira sem þörf er fyrir úrræðið þeim mun framar raðast nemandi.

3.5 Berist umsókn foreldra vegna nemenda sem er að flytja lögheimili sitt og fasta búsetu til Reykjavíkur og sem nú þegar er í Ásgarðsskóla ber að kanna hvort skilyrði þessa verklags er uppfyllt og heimila greiðslu framlags þrátt fyrir að fjöldi nemenda fari þá tímabundið yfir hámarksfjölda.

4. Afgreiðsla umsókna

4.1 Skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla tekur ákvörðun um hvort uppfyllt séu skilyrði samþykktar umsóknar á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

4.2 Sé umsókn samþykkt tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra og foreldrar sækja í framhaldi um í Ásgarðsskóla ef þeir hafa ekki þegar gert það.

4.3 Sé lagt til að umsókn um skólavist verði synjað þar sem skilyrði verklagsins er ekki talin uppfyllt tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd.

Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun og tryggja þeim andmælarétt.

4.4 Sé ákvörðun tekin um synjun að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum tilkynnir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu það í bréfi til foreldra.

Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

4.5 Ef umsókn er synjað þar sem hámarksfjölda er náð er umsókn synjað en foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn sinni inn í skólanum til umfjöllunar síðar.

Óski foreldrar ekki eftir framangreindu er litið svo á að umsókn hafi verið afturkölluð.

5. Aðkoma stuðningsteymis og eftirfylgni

5.1 Lögð er áhersla á að nemendur í fjarnámi njóti samþættingar þjónustu og metið verði með a.m.k. á 6 vikna fresti námsleg staða nemandans í öllum greinum sem fylgir honum við útskrift til samræmis við reglur skólans. Samkvæmt reglum skólans um innritun og útskrift fer jafnframt fram heildarmat á grunnfærni allra nemenda að hausti og vori.

6. Útskrift úr Ásgarðsskóla

6.1 Í reglum Ásgarðsskóla um innritun og útskrift er fjallað um útskrift nemenda úr Ásgarðsskóla. Þegar fjarnámi í Ásgarðsskóla lýkur er almennt gert ráð fyrir að nemandi fari í almennan bekk með viðeigandi stuðningi.

7. Samningur við Ásgarðsskóla

7.1 Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar er heimilt að gera árlega samning við Ásgarðsskóla um greiðslu framlags enda rúmist framlagið innan fjárheimilda sviðsins.

8. Fyrirvari

8.1 Með samþykkt þessara viðmiða um hámarksfjölda og verklag er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan sveitarfélagsins. Þá er gerður fyrirvari um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári.

Samþykkt í borgarráði þann [dagsetning samþykktar].

AUGLÝSING

um staðfestingu reglna um innritun og útskrift nemenda úr Ásgarðsskóla – skóla í skýjunum.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 20. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010, hefur mennta- og barnamálaráðherra 8. júlí 2025 staðfest reglur um innritun og útskrift nemenda úr Ásgarðsskóla – skóla í skýjunum sem er tímabundið sérúrræði innan grunnskóla, sbr. 42. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Reglurnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Reglurnar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Reykhólahrepps hinn 11. desember 2024.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 8. júlí 2025.

Guðmundur Ingi Kristinsson.

Theódóra Sigurðardóttir.

FYLGISKJAL.
REGLUR

um innritun og útskrift nemenda úr

Ásgarðsskóla - skóla í skýjunum

1. gr.

Reglur þessar eru settar um innritun og útskrift nemenda Ásgarðsskóla – skóla í skýjunum, sem er tímabundið sérúrræði innan grunnskóla, sbr. 42. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Markmið reglnanna er að tryggja jafnræði við umfjöllun umsókna og vandaða stjórnsýslu við afgreiðslu þeirra.

2. gr.

Innritun í sérskóla.

Skólinn er opinn nemendum á unglingastigi sem þurfa á sérhæfðu námsumhverfi að halda, sbr. 2. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010.

2.1. Umsókn um skólavist.

Skólinn tekur við umsóknum um skólavist allan ársins hring á heimasíðu sinni. Foreldrar, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um grunnskóla, geta sótt um skólavist fyrir barn sitt, telji þeir, skólastjórnendur eða sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu í almennum grunnskóla. Foreldrar sem óska eftir að barn fái að stunda nám í skólanum, utan síns lögheimilissveitarfélags, skulu senda umsókn um skólavist til lögheimilissveitarfélags. Skólavist utan lögheimilissveitarfélags er háð samþykki viðkomandi sveitarfélags, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 585/2010.

2.2. Fylgigögn umsóknar.

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsóknum um skólavist:

- a. Umsagnir frá stoðþjónustu eða skólastjórnendum skóla barns í lögheimilissveitarfélagi um námslega og félagslega stöðu ásamt sérfræðigögnum sem þar eru til um nemandann.
- b. Mat foreldra og nemanda á námslegri og félagslegri stöðu nemandans.
- c. Ef nemandi á lögheimili í öðru sveitarfélagi þarf að fylgja með afrit af samþykki/staðfestingu lögheimilissveitarfélags fyrir skólavist í viðtökusveitarfélagi.
- d. Samþykki foreldra fyrir frekari upplýsingaöflun um námslega stöðu nemenda.

2.3. Mat á umsóknum.

Inntökuteymi skólans tekur umsóknir um skólavist til umfjöllunar og gerir tillögu til mennta- og menningarmálanefndar Reykhólahrepps um afgreiðslu þeirra. Inntökuteymi er skipað deildarstjóra stoðþjónustu og kennslustjóra skólans.

Áður en mat inntökuteymis á umsóknum hefst skal liggja fyrir staðfesting lögheimilissveitarfélags nemanda um að viðkomandi sveitarfélag sé tilbúið til þess að greiða fyrir skólavist hans utan þess. Þetta á ekki við um nemendur sem þegar eru með lögheimili í Reykhólahreppi en í þeim tilvikum þarf að liggja fyrir samþykki mennta- og menningarmálanefndar sveitarfélagsins.

Við mat á umsóknum um skólavist skal litið til 1. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010. Lagt skal mat á stöðu nemanda í námi og þar m.a. horft til umsóknar um skólavist, fylgigagna hennar og gagna er fyrir liggja um skólagöngu. Matið byggir einnig á viðtölum við foreldra og barnið. Áhersla skal lögð á samvinnu við foreldra og þess gætt að samráð sé haft við nemandann að teknu tilliti til aldurs hans og þroska, sbr. 12. gr. laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013. Foreldrum og eftir atvikum barni skulu kynntar niðurstöður mats og gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum áður en inntökuteymi gerir tillögu til mennta- og menningarmálanefndar Reykhólahrepps um afgreiðslu umsóknar og áður en til innritunar kemur.

2.4. Ákvörðun um skólavist.

Skólastjóri tilkynnir foreldrum um afgreiðslu mennta- og menningarmálanefndar Reykhólahrepps á umsókn um skólavist. Ákvörðun um synjun umsóknar um skólavist verður ekki tekin nema á grundvelli metinna sérþarfa viðkomandi barns og að teknu tilliti til afstöðu foreldra og nemanda til málsins og álitsgerða sérfræðinga, sbr. 2. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 585/2010. Ákvörðun um skólavist er kæránleg, sbr. 4. gr. reglnanna. Ef skólinn er orðinn fullsetinn verður til biðlisti. Nemendur sem uppfylla skilyrði um inntöku eru teknir inn í tímaröð miðað við þann tíma sem sveitarfélag hefur samþykkt skólavist utan sveitarfélags. Dagsetning tölvupósts eða póststimpill gildir.

Ef fallist er á umsókn foreldra um skólavist skal skólinn undirbúa móttöku nemanda samkvæmt móttökuáætlun skv. 2. mgr. 16. gr. laga um grunnskóla, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 585/2010. Um er að ræða fjölpætta áætlun þar sem m.a. er gerð grein fyrir samstarfi innan skólans, skipulagi kennslu og einstaklingsnámskrám. Þá skal þar einnig, svo dæmi séu nefnd, fjalla um kennsluhætti og námsmat, hlutverk kennara og annarra fagaðila og samstarf við foreldra. Einnig skal greina frá áformum skólans um stuðning við nemendur til félagslegrar þátttöku, virkni í skólasamfélaginu og samstarfi við aðra aðila utan skólans.

Í skólabyrjun funda foreldrar og nemandi með umsjónarkennara og taka í samráði ákvörðun um fyrstu skrefin á skólagöngunni. Allir nemendur fara í gegnum sérstakt móttökunámskeið þar sem skólastarfið er kynnt. Gerð einstaklingsnámskrár hefst á fyrstu dögum skólagöngunnar og skal henni lokið eigi síðar en sex vikum frá skólabyrjun. Grunnfærni allra nemenda skal metin í stærðfræði, læsi og tungumálum við inngöngu í skólann og á vori hverju.

3. gr.

Útskrift.

3.1. Ekki síðar en í 9. bekk skulu kennarar og aðrir fagaðilar, ásamt nemandanum og foreldrum, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsáætlun og öðrum gögnum, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 585/2010. Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám. Enn fremur aðrar upplýsingar vegna fyrirhugaðs náms hans við hæfi í framhaldsskóla og síðar fyrir þátttöku í atvinnulífi.

3.2. Í tilfærsluáætlun skal vera skýrt hvernig staðið verði að vali á framhaldsskóla eða eftir atvikum grunnskóla og hvernig valmöguleikar verða kynntir. Við allar útskriftir, bæði að loknu grunnskólanámi og við tilfærslu nemenda frá skólanum í aðra grunnskóla, gildir eftirfarandi:

- a. Öllum nemendum skólans með skilgreindar sérþarfir fylgir einstaklingsáætlun síðasta skólaárs, skýrsla um styrkleika og þarfir nemandans sem og greinargerð um hvernig staðið er að aðlögun umhverfis og hvernig komið er til móts við þarfir nemandans svo að honum líði sem best og fái notið styrkleika sinna. Við gerð skýrslunnar skal leitast við að hafa samráð við nemanda, foreldra og þá sérfræðinga sem koma að vinnu með nemandanum.

- b. Fyrir útskrift verður stefnt að því að nemandinn hafi heimsótt þann skóla sem hann hyggst nema við. Fjöldi heimsókna og fyrirkomulag verður skipulagt af starfsfólki skólans, nemanda, foreldrum hans og móttökuskóla.
- c. Námsleg staða nemandans í öllum greinum skal fylgja honum við útskrift. Mat á námslegri stöðu nemenda fer fram á sex vikna fresti, heildarmat á grunnfærni allra nemenda fer jafnframt fram að hausti og vori. Matskvarðar skólans liggja til grundvallar í námsmatsstefnu skólans og er námsmatið unnið í samráði við nemendur og foreldra reglubundið yfir allt skólaárið.
- d. Nemendur skólans taka þátt í að vinna sínar eigin einstaklingsáætlanir og fá stuðning til þess að byggja undir áframhaldandi skólagöngu á eigin forsendum.
- e. Foreldrum er, hvenær sem er á skólaárinu, heimilt að flytja nemanda í annan grunnskóla. Ef nemandi, foreldri eða nemendaverndarráð telja að betur verði komið til móts við nemandann í öðrum skóla og það sé barninu fyrir bestu skal fara fram mat á því gert af nemendaverndarráði skólans í samstarfi við fyrirhugaðan móttökuskóla.

4. gr.

Ágreiningur um skólavist.

Verði ágreiningur um skólavist barns eða sérúrræði því til handa skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnsýslulaga. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti sérfræðinga og foreldra með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla og 21. gr. reglugerðar nr. 585/2010.

Ákvörðun sem tekin er vegna ágreinings um skólavist og sérúrræði, skv. 1. mgr., sbr. 21. gr. reglugerðar, nr. 585/2010, er kæránleg til mennta- og barnamálamálaráðherra skv. 47. gr. laga um grunnskóla, sbr. 22. gr. reglugerðarinnar.

5. gr.

Samþykkt og gildistaka.

Reglur þessar eru settar með stoð í 20. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010, og skulu þær staðfestar af mennta- og barnamálaráðherra.

Samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps, 11. desember 2024.

B deild - Útgáfudagur: 23. júlí 2025